

## 6. gr.

47

Á eftir 39. gr. komi ný grein, er verði 40. gr., svo hljóðandi:  
Bætur þær, er ríkissjóði ber að greiða samkvæmt 38. og 39. gr., má greiða að nokkru með 4% ríkisskuldabréfum þannig:

25. maí

Bætur samkvæmt 38. gr. er heimilt að greiða að  $\frac{2}{5}$  í ríkisskuldabréfum.

Bætur samkvæmt 39. gr. er heimilt að greiða að  $\frac{4}{5}$  í ríkisskuldabréfum.

Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis. Ríkissjóði ber að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár eru liðin frá útgáfudegi þeirra.

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, þó aðeins lána þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum. Skulu bankarnir taka þau með nafnverði. Gerð bréfanna, vaxtagreiðslu og annað, sem lýtur að útgáfu þeirra og greiðslufyrirkomulaga bankanna skal ákveða nánar með reglugerð.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir eitt ár (sbr. 5. gr.) og búa við sérstaklega mikla framleiðsluörðugleika og erfiðan fjárhag að dómi nefndarinnar og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða, að nokkru undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum eftir ákvæðum þessarar greinar.

## 7. gr.

39. gr. (óbreytt) verður 41. gr.

41. gr. (óbreytt) verður 42. gr. o. s. frv.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.*

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

*Hermann Jónásson.*

## L Ö G

48

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946.

25. maí

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1946 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga .. kr.	88 500 000.00	kr. 136 566 139.31
2.	—	3. — A.	— .. —	33 194 477.00	— 53 993 927.28
3.	—	3. — B.	— .. —	10 000.00	— 1 650.45
4.	—	4. —	— .. —	615.234.00	— 1 194 335.03
5.	—	5. —	— .. —	100 000.00	— 6 893 860.52

48	6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	kr.	2 834 681.00	kr.	25 483 279.63
25. maí	Greiðslujöfnuður .....	—	18 055 442.00	—	4 199 441.50
			<u>Kr. 143 309 834.00</u>		<u>Kr. 228 332 633.72</u>

Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga ..	kr.	kr.
2.	—	8. —	—	300 000.00	—
3.	—	9. —	—	1 515 576.00	—
4.	—	10. — I.	—	2 234 926.00	—
5.	—	10. — II.	—	269 919.00	—
6.	—	10. — III.	—	1 194 400.00	—
7.	—	11. — A.	—	7 816 765.00	—
8.	—	11. — B.	—	790 989.00	—
9.	—	11. — C.	—	3 173 385.00	—
10.	—	11. — D.	—	825 000.00	—
11.	—	12. —	—	10 216 817.00	—
12.	—	13. — A.	—	20 832 275.00	—
13.	—	13. — B.	—	3 363 150.00	—
14.	—	13. — C.	—	6 618 650.00	—
15.	—	13. — D.	—	943 940.00	—
16.	—	14. — A.	—	3 002 587.00	—
17.	—	14. — B.	—	21 834 891.00	—
18.	—	15. — A.	—	2 188 084.00	—
19.	—	15. — B.	—	2 944 204.00	—
20.	—	16. — A.	—	10 549 724.00	—
21.	—	16. — B.	—	898 500.00	—
22.	—	16. — C.	—	1 005 285.00	—
23.	—	17. —	—	7 472 125.00	—
24.	—	18. —	—	3 771 127.00	—
25.	—	19. — 1.	—	12 000 000.00	—
26.	—	19. — 2.	—	500 000.00	—
27.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	—	—	15 892 947.00	—
				<u>Kr. 143 309 834.00</u>	<u>Kr. 228 332 633.72</u>

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.